



Ytri-Neslöndum
660 Mývatn
Iceland
www.fuglasafn.nett.is
856 1163

Stofnskrá



Stofnskrá

Fyrir Fuglasafn Sigurgeirs ses.

I. Nafn, heimili og tilgangur

1.gr.

Félagið er sjálfseignarstofnun og er nafn þess **Fuglasafn Sigurgeirs ses.**

2. gr.

Heimilisfang Fuglasafns Sigurgeirs ses. er að Ytri-Neslöndum, 660 Mývatn.

3. gr.

Tilgangur Fuglasafn Sigurgeirs er að sýna, safna, varðveita, skrá og rannsaka fugla. Einnig að sýna bátin Sleypti og hvernig menn nýttu Mývatn sér til framdráttar.

Rannsóknir á fuglum og eggjum verða að mestu gerðar í samstarfi við Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn. Stefnt að því að skrá sögu Sleyptis. Nýting Mývetninga á Mývatni verður skoðuð með tilliti til veiða, dún og eggjatöku.

Safnið skal vera sett upp á áhugaverðan og aðgengilegan hátt fyrir almenning. Safnið skal starfa eftir mótaðri söfnunar- og sýningarstefnu sem skal miða að því að efla þekkingu, skilning og áhuga almennings á fuglum, fuglalífi og hvernig Mývetningar nýttu Mývatn. Söfnunar- og sýningarstefnan skal endurskoðuð á 4 ára fresti.

Safnmuni skal skrá eftir viðurkenndri aðferð og varðveita og forverja eftir bestu getu.

Fuglasafn Sigurgeirs skal að öðru leyti starfa samkvæmt ákvæðum safnalaga nr.106/2001 og þjóðminjalaga nr.107/2001 og reglugerðum og reglum sem grundvallast á þeim lögum.

II. Stofnendur, stofnfé og tekjur safnsins

4.gr.

Stofnendur Fuglasafns Sigurgeirs eru:

Axel Stefánsson, 2910572849, Ytri-Neslöndum, 660 Mývatn

Álfðís Stefánsdóttir, 0403663189, Ytri-Neslöndum, 660 Mývatn

Pétur Bjarni Gíslason, 080462-7519, Skútahraun 8, 660 Mývatn

Sigríður Stefánsdóttir, 0605597249, Skútahraun 8, 660 Mývatn

Stefanía Stefánsdóttir, 2708602069, Ytri-Neslöndum, 660 Mývatn



5.gr.

Stofnfé Fuglasafns Sigurgeirs er kr. 2.000.000. Stofnfé skiptist jafnt á alla stofnendur, kr. 400.000 á mann.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

6.gr.

Tekjur Fuglasafns Sigurgeirs skulu vera:

Aðgangseyrir

Styrkir, gjafir eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast.

Aðrar tekjur

III. Stjórn

7.gr.

Stjórn Fuglasafns Sigurgeirs skal skipuð fimm mönnum og þremur til vara. Stjórnin skal kosin til fjögurra ára í senn og kýs fráfarandi stjórn nýja stjórn. Tveir stjórnendur skulu þó jafnan tilnefndir af stofnendum og að þeim látnum, lögerfingjum þeirra. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Varamenn sitja fundi í fjarveru stjórnarmanna.

Fyrsta stjórn Fuglasafns Sigurgeirs ses. skal kosin á stofnfundi.

Stjórnin skiptir með sér verkum og skal hún kjósa formann, varaformann, ritara og gjaldkera.

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir allra stjórnarmanna skuldbinda stofnunina. Stjórn Fuglasafns Sigurgeirs getur veitt prókúrumboð fyrir stofnunina.

Stjórn safnsins afgreiðir starfs- og fjárhagsáætlun fyrir hvert ár og fylgist með framkvæmd hennar.

Stjórnin sinnir leiðsögu- og eftirlitshlutverki fyrir safnið.

Stjórn hefur yfirumsjón með því að safnið starfi samkvæmt skipulagsskrá og almennum lögum. Það er hlutverk sérhvers stjórnarmanns að tryggja velferð safnsins, árangursríka starfsemi þess og gæta hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila.

Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur.



8. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum. Framkvæmdastjóri situr fundi og hefur þar tillögurétt og málfrelsi.

IV. Framkvæmdastjóri

9. gr.

Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri starfar samkvæmt starfslýsingu sem stjórn safnsins samþykkir.

Framkvæmdarstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins í umboði stjórnar og framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið.

Framkvæmdastjóri færður annað starfsfólk að fengnu samþykki stjórnar og í samræmi við samþykktu starfs- og fjárhagsáætlun.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

V. Reikningur og endurskoðun

10. gr.

Stjórn Fuglasafns Sigurgeirs skal velja endurskoðenda eða skoðunarmenn til að endurskoða reikninga safnsins fyrir hvert starfsár. Niðurstöðurnar skal leggja fyrir stjórn. Endurskoðendur/skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

11. gr.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember.

Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 30. mars ár hvert.

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda ársreikningaskrá ársreikning eða samstæðureikning safnsins ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda/skoðunarmanna og upplýsingum um hvenær ársreikningur var samþykktur.



12. gr.

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal valið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. samþykkt þessara. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.

VI. Rekstur

13. gr.

Í húsnæði Fuglasafns Sigurgeirs skulu jafnan vera grunnsýningar sem gefa góða innsýn í þá þætti í sögunni sem lúta að fuglum og nýtingu Mývatns. Þá getur safnið gert einstökum þáttum skil á sérsýningum, bæði í safnhúsinu sjálfu og annars staðar þar sem aðstæður leyfa og stjórn safnsins ákveður.

14. gr.

Fuglasafn Sigurgeirs skal hafa sýningarsali opna á auglýstum sýningartímum í a.m.k. þrjá mánuði á ári. Það skal rækja fræðsluhlutverk sitt við almenning sem og erlenda gesti m.a. með áhugaverðum sýningum og vönduðu útgáfustarfi. Safnið skal leitast við að höfða til og þjóna breiðum hópi safngesta og skal leitast við að hafa starfsemi sína aðgengilega öllum. Haft skal gott eftirlit með aðsókn og aðsóknarþróun og leitast við að hámarka aðsókn. Safnið skal sinna fræðsluhlutverki til skóla á starfssvæði sínu sérstaklega og skal hafa samvinnu við fræðslufirvöld, ferðapjónustu og aðra aðila eftir því sem við á.

15. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt að lána gripi tímabundið út úr safninu til sýninga innanlands með samþykki stjórnar safnsins. Hvorki má gefa né selja þá muni sem safnið hefur eignast nema með samþykki stjórnar. Ekki er safninu heimilt að veita viðtöku munum sem sérstakar kvaðir fylgja, nema stjórnin samþykki að gjöfin hafi sérstaka þýðingu fyrir safnið.

17. gr.

Samstarf safnsins við önnur söfn innanlands sem utan eða aðrar viðurkenndar stofnanir um málefni sem varða safnið er heimilt svo framarlega sem stjórn styður samstarfið og hagræðing hlýst af því



VII. Breytingar á stofnskrá

18. gr.

Heimilt er að breyta samþykktum Fuglasafns Sigurgeirs en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna safnsins á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili. Tillögur um breytingar á stofnskrá skal senda til sjálfseignarstofnunarskrá til staðfestingar.

19. gr.

Með tillögu um slit og skipti á safninu skal fara eins og með breytingar á skipulagsskrá þessari. Þarf atkvæði stofnenda sem ráða minnst 2/3 hlutum atkvæða safnsins til að ákvörðun um slit sé gild. Við slit skulu safngripir renna endurgjaldslaut til annara safna í Mývatnssveit, ef það gengur ekki þá í nágrenni Mývatnssveitar, ef það gengur ekki þá til safna sem stjórn ákveður. Öðrum eignum skal stjórnin ráðstafa til stofnenda safnsins í samræmi við stofnfé þeirra og framlög.

VIII. Slit á samstarfi eða niðurlögn safns

20. gr.

Ef aðili að samstarfi um rekstur safnsins ákveður að ganga úr samstarfinu þarf það að tilkynnast með minnst hálfis árs fyrirvara. Í kjölfarið skal endurskoða alla starfsemi og rekstur safnsins. Við úrsögn úr samstarfinu missir eigandi allan rétt sinn til safnsins. Eigendur eiga ekki tilkall til eigna eða muna safnsins, enda er safnið sameign eignaraðila og safngripir óskiptir og skráðir sameiginlega.

21. gr.

Ef eigendur safnsins ákveða að leggja safnið niður skal skipuð nefnd til að fjalla um niðurlögnina og skipi hver eigandi einn aðila í nefndina. Nefndin skal, í samráði við viðeigandi höfuðsafn, leggja fyrir eigendur tillögu um ráðstöfun safngripa og annarra eigna safnsins.

IX. Ýmis ákvæði

22. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

23. gr.

Skipulagsskrá þessi tekur gildi þegar hún hefur verið undirrituð af öllum stofnendum hennar.



Samþykkt á fundi **Fugasafns Sigurgeirs ses.** í Mývatnssveit 6. september 2007.



19. gr.

Með tillögu um slit og skipti á safninu skal fara eins og með breytingar á skipulagsskrá þessari. Þarf atkvæði stofnenda sem ráða minnst 2/3 hlutum atkvæða safnsins til að ákvörðun um slit sé gild. Við slit skulu safngripir renna endurgjaldslaust til annara safna í Mývatnssveit, ef það gengur ekki þá í nágrenni Mývatnssveitar, ef það gengur ekki þá til safna sem stjórn ákveður. Öðrum eignum skal stjórnin ráðstafa til stofnenda safnsins í samræmi við stofnfé þeirra og framlög.

VIII. Slit á samstarfi eða niðurlögn safns

20. gr.

Ef aðili að samstarfi um rekstur safnsins ákveður að ganga úr samstarfinu þarf það að tilkynnast með minnst hálfis árs fyrirvara. Í kjölfarið skal endurskoða alla starfsemi og rekstur safnsins. Við úrsögn úr samstarfinu missir eigandi allan rétt sinn til safnsins. Eigendur eiga ekki tilkall til eigna eða muna safnsins, enda er safnið sameign eignaraðila og safngripir óskiptir og skráðir sameiginlega.

21. gr.

Ef eigendur safnsins ákveða að leggja safnið niður skal skipuð nefnd til að fjalla um niðurlögnina og skipi hver eigandi einn aðila í nefndina. Nefndin skal, í samráði við viðeigandi höfuðsafn, leggja fyrir eigendur tillögu um ráðstöfun safngripa og annarra eigna safnsins.

IX. Ýmis ákvæði

22. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

23. gr.

Skipulagsskrá þessi tekur gildi þegar hún hefur verið undirrituð af öllum stofnendum hennar.

Samþykkt á fundi **Fuglasafns Sigurgeirs ses.** í Mývatnssveit 6. september 2007.

Axel Stefánsson

Pétur Þ. Lúðason

Sigríður Stefánsdóttir

Alfdris Stefánsdóttir

Stefanía Stefánsdóttir